



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

8.-10. JANÚAR 2026
ELDBORG HARPA

VÍNAR TÓNLEIKAR

VELKOMIN



VINSAMLEGAST HAFIÐ SLÖKKT
Á FARSÍMUM MEÐAN Á
TÓNLEIKUM STENDUR

LENGD TÓNLEIKANNA ER UM ÞAÐ BIL
2 KLUKKUSTUNDIR MEÐ HLÉI.

Tónlistarflutningur í Framhúsi fyrir tónleika og í hléi:
Alexandra Kjeld og Arngerður María Árnadóttir.

Í tilefni Vínartónleikanna er selt svalandi freyðivín á börum í hléi.

Tónleikarnir eru teknir upp af RÚV og verður þeim
útvarpað 11. janúar og sjónvarpað að hluta 14. janúar.

VÍNARTÓNLEIKAR

TÓNLEIKAR Í ELDBORG FIM. 8. JANÚAR 19:30
FÖS. 9. JANÚAR 19:30 LAU. 10. JANÚAR 16:00 & 19:30

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

SASCHA GOETZEL
HLJÓMSVEITARSTJÓRI

EYRÚN UNNARSDÓTTIR
EINSÖNGVARI

SVEINN DÚA HJÖRLEIFSSON
EINSÖNGVARI

DANSARAR
DENISE MARGRÉT YAGHI
GYLFI MÁR HRAFNSSON
MARÍA TINNA HAUKSDÓTTIR
ÞORKELL JÓNSSON
ERIK ÓLI JÓNSSON
ERLA SÓL JÓNASDÓTTIR

JOHANN STRAUSS YNGRI
Der Zigeunerbaron (Sígauanabaráóninn)
forleikur

Als flotter Geist
aría úr óperettunni Der Zigeunerbaron

EDUARD KÜNNEKE
Strahlender Mond
aría úr óperettunni Der Vetter aus Dingsda

JOHANN STRAUSS YNGRI
Künstlerleben
Vínarvals
Das eine kann ich nicht verzeihen
dúett úr óperettunni Wiener Blut
Persischer March
mars

JOSEF STRAUSS
Jokey-Polka
hraður polki

HLÉ

FRANZ LEHÁR
Das Land des Lächelns (Brosandi land)
forleikur
Gern hab' ich die Frau'n geküsst
aría úr óperettunni Paganini
Unbekannt, deshalb nicht minder interessant
aría úr óperettunni Der Graf von Luxemburg

HANS CHRISTIAN LUMBYE
Champagnegaloppen
hraður polki

NICO DOSTAL
Du bist so schön und tugendreich
dúett úr óperettunni Die ungarische Hochzeit

JOHANN STRAUSS YNGRI
Auf der Jagd
hraður polki
An der schönen blauen Donau (Dónárvalsinn)

SASCHA GOETZEL

HLJÓMSVEITARSTJÓRI



Austurríkismaðurinn Sascha Goetzel (f. 1970) hefur skapað sér nafn sem hljómsveitarstjóri, fiðluleikari og útsetjari. Hann stundaði tónlistarnám við Tónlistarháskólann í Graz og síðar við Juilliard-tónlistarskólann í New York. Helstu lærifeður hans í hljómsveitarstjórn voru Seiji Ozawa, Zubin Metha og Riccardo Muti. Þá stundaði hann meistaranám hjá Jorma Panula við Sibeliusarakademíuna. Sem fiðluleikari var hann um árabil lausráðinn hjá Vínarfilharmóníunni.

Sascha Goetzel var aðalstjórnandi Borusan Istanbul filharmóníuhljómsveitarinnar frá 2008 til 2020. Stjórnaði hann hljómsveitinni á fjölmörgum markaðshljóðritum og á tónleikum heima og erlendis. Kom hljómsveitin meðal annars fram á Salzburgerháttíðinni, Proms tónlistarháttíð Breska ríkisútvarpsins, Hong Kong listaháttíðinni í Théâtre des Champs-Élysées í París, Royal Concertgebouw í Amsterdam sem og í Musikverein og Konzerthaus í Vínarborg.

Sem gestastjórnandi er hann tíður gestur hjá NHK-sinfóníuhljómsveitinni í Tókýó, Filharmóníuhljómsveitunum í Lundúnum, München og Dresden, Lyric-Nancy-sinfóníunni, Kammersveitinni í París, Þjóðarhljómsveitinni í Bordeaux, Filharmóníuhljómsveitinni í Dresden, frönsku og belgísku þjóðarhljómsveitunum, Sinfóníuhljómsveitinni í Ísrael, sinfóníuhljómsveitunum í Lúxemborg, Strassborg og Vancouver og á Abu Dhabi tónlistarháttíðinni. Meðal nafntogaðra einsöngvara og einleikara sem Goetzel hefur starfað með eru Daniil Trifonov, Beatrice Rana, Yuja Wang, Rudolf Buchbinder, Murray Perahia, Vadim Repin, Maxim Vengerov, Plácido Domingo, José Carreras, Anna Netrebko, Renée Fleming, Bryn Terfel og Piotr Beczala.

Sem óperustjórnandi hefur Goetzel mundað tónsprotann í húsum á borð við Alþýðuóperuna í Vín, Marinsky leikhúsið í Sankti-Pétursborg, óperuna í Zürich, Anger-Nantes-óperuna, Montpellier-óperuna og óperuna í Rennes svo nokkrar séu nefndar. Túlkun hans á Brúðkaupi Figarós eftir Mozart í Vínaróperunni árið 2014 vakti mikla athygli og hefur hann stjórnað fjölmörgum sýningum við húsið síðan þá, þar á meðal Mozart-óperunum Don Giovanni og Töfraflautunni, Rigoletto eftir Verdi og Rósariddaranum eftir Richard Strauss. Síðan 2019 hefur Sascha Goetzel verið aðalgestastjórnandi Filharmóníuhljómsveitarinnar í Sofíu, höfuðborg Búlgaríu.

EYRÚN UNNARSDÓTTIR

EINSÖNGVARI



Sópransöngkonan Eyrún Unnarsdóttir er fædd og uppalin á Akureyri. Tónlistarmenntun sína hlaut hún við Tónlistarskólann á Akureyri, Söngskóla Sigurðar Demetz, Universitát für Musik und darstellende Kunst í Vínarborg og við tónlistarháskólann Musik und Kunst, Privatuniversitát der Stadt Wien. Hennar helstu kennarar voru Sigríður Aðalsteinsdóttir, Uta Schwabe, Leopold Spitzer og Hanna Dóra Sturludóttir.

Eyrún bar sigur úr þytum í alþjóðlegu söngkeppninni hjá Kammeroper Schloss Rheinsberg árið 2018 og hlaut hlutverk Fiordiligi í óperu Mozarts *Cosí fan tutte* í verðlaun. Haustið 2019 þreytti hún frumraun sína við Íslensku óperuna í hlutverki greifynjunnar í *Brúðkaupi Fígarós* sem færði henni tilnefningu til Grímunnar árið 2020.

Eyrún hefur fengið mikið lof fyrir „hlýlega og tilfinningaríka rödd“ (Luzerner Zeitung). Frá árinu 2021 hefur hún verið fastráðin við óperuhúsið í Luzern í Sviss þar sem hún hefur meðal annars sungið hlutverk Tatiönu í óperunni *Evgení Onegin eftir Tsjaikovskíj*, Die Feldmarschallin í *Rósariddaranum* eftir Richard Strauss en fyrir þá túlkun hlaut hún einróma lof. Þar að auki Mimi í *La bohème* eftir Puccini, hlutverk greifynjunnar í *Brúðkaupi Fígarós* og Elettru í *Idomeneo* eftir Mozart, Rosalinde í *Leðurblöku* Johanns Strauss og Luisu Miller í samnefndri óperu eftir Giuseppe Verdi.

Eyrún hefur komið fram sem einsöngvari við mismunandi tilefni, meðal annars sem flytjandi á verkinu *Le Marteau sans maître* eftir Pierre Boulez sem flutt var í Vínarborg 2010 í viðveru tónskáldsins, og sem einsöngvari í tónlist Herberts Grönmeyer með Sinfóníuhljómsveit Luzern þar sem tónskáldið stjórnaði flutningnum.

Á núverandi leikári tekst hún á við hlutverk Ellen Orford í óperu Benjamins Britten *Peter Grimes* og 1. dömu í *Töfraflautunni* ásamt öðrum hlutverkum.

SVEINN DÚA HJÖRLEIFSSON

EINSÖNGVARI



Sveinn Dúa Hjörleifsson stundaði nám við Söngskóla Sigurðar Demetz og Universität für Musik und darstellende Kunst í Vínarborg. Hann var fastráðinn við Landestheater Linz í Austurríki og síðar við óperuna í Leipzig í Þýskalandi. Við þessi hús söng hann hlutverk á borð við Tamino (*Die Zauberflöte*), Don Ottavio (*Don Giovanni*), Ernesto (*Don Pasquale*), Alfred (*Die Fledermaus*), stýrimanninn (*Der fliegende Holländer*), Wenzel (*Die verkaufte Braut*), Narraboth (*Salome*) og nornina (*Hänsel und Gretel*). Hann hefur einnig komið fram í Konzerthaus og Musikverein í Vín, Semperoper Dresden, Oper Frankfurt, Jyske Opera, Landestheater Vorarlberg, Oper Halle, Íslensku óperunni og óperunni í Malmö. Auk þess hefur Sveinn komið fram á Wiener Festwochen og Berliner Festtagen. Á tónleikasviðinu ber hæst að nefna 9. sínfóníu Beethovens, *Christus am Ölberg* eftir sama höfund, *Messías* eftir Händel, *Jólaóratóríu* Bachs og *Stabat Mater* eftir Dvořák. Auk óperu og tónleikastarfs hefur Sveinn reglulega flutt ljóðaflokka – m.a. *Die schöne Müllerin* og *Dichterliebe* í Vín, Linz og á Íslandi. Drag uppsetning hans á *Die schöne Müllerin* í Tjarnarbíói 2020 vakti mikla athygli fyrir frumleika og listfengi.

Á yfirstandandi leikári syngur/söng Sveinn m.a. við óperuna í Bologna (*Oedipus Rex*), óperuna í Leipzig (*Der Waffenschmied*) og óperuna í Frankfurt (*Punch and Judy*). Nýlega kom hann fram á 100 ára afmælistónleikum Karlaórs Reykjavíkur.

VÍNARTÓNLISTIN Í ÁR



Vínartónleikar hafa verið árlegur viðburður í starfsemi Sinfóníuhljómsveitar Íslands síðan 1981. Hafa þeir um langa hríð verið langvinsælustu og fjölsóttustu tónleikar sinfóníuhljómsveitar allra landsmanna.

Óperettan **Der Zigeunerbaron** (*Sígaunabaróninn*) var frumflutt í Theater an der Wien í október 1885. Hún gerist í Ungverjalandi og Vínarborg og fjallar um samskipti sígauna við svínabónda nokkurn og hans fólk, ástir þeirra og örlög. Þessi gamanópera Johanns Strauss (1825–1899) náði strax miklum vinsældum og er á eftir *Leðurblökunni* hans vinsælasta sviðsverk. Forleikurinn er einkar glæsilegur og gefur með snörpum sígaunatónum, ljúfum lögum og svellandi völsum innsýn inn í það sem koma skal.

Aðalpersónur óperettunnar eru Sándor Barinkay og sígaunastúlkan Saffi. Hinn ungi Barinkay er nýkominn heim til Ungverjlands eftir að hafa verið í útlegð frá barnæsku og er nú að vitja eigna sinna. Í ariunni **Als flotter Geist** segir hann frá ævinýrum sínum viðsvegar um heiminn þar sem allt gekk honum í vil og hann meðal annars tamdi skróltorma og villidýr átu úr lófa hans. Síðar gerðist hann galdrameistari, gleypti eld og hnífa og framkvæmdi hinar ýmsu kúnstir fyrirhafnalaust. En nú er hann kominn á æskuslóðir og ætlar að vinda sér í að temja konur eins og hann segir léttúðlega í framhaldi af ariunni.

Þýska tónskáldið Eduard Künneke (1885–1953) er einkum þekktur fyrir óperettur sínar sem urðu ríflega tuttugu talsins. Óperettan *Der Vetter aus Dingsda* (*Frændinn frá þessu þarna*) var fyrst sett á fjalirnar í apríl árið 1921 en hún er langvinsælasta verk hans. Söguþráðurinn fjallar um hina ungu Júlíu sem er erfingi mikilla auðæfa og biður óþreyjufull eftir að verða fjárráða. Hún biður líka eftir heimkomu frænda síns Roderichs eftir sjö ára fjarveru hans í Asíu en honum vill hún giftast. Fósturforeldrar hennar ætla henni þó annað mannsefni og úr verður mikil flækja sem þó greiðist úr á endanum. Í ariunni **Strahlender Mond** biður Júlía manann að bera ástvininum hug hennar og kossa með geislum sínum.

Valsakóngurinn Johann Strauss á næstu þrjú atriði efnisskrárinnar. Fyrst kemur hinn ægifagri vals **Künstlerleben** eða *Listamannalíf*. Verkið samdi Strauss fyrir listamannasamtökin Hesperus sem allir þrír Straussbræðurnir tilheyrðu. Sömdu þeir bræður 25 verk fyrir kjötkveðjuhátíðina í Vínarborg árið 1867 og er fyrrnefndur vals eitt



þeirra. Þetta gerðu þeir í því augnamiði að létta andrúmsloftið í borginni eftir ósigur austurríska hersins fyrir Prússum í orrustunni hjá Königrätz í júlí 1866. Höfðu margir mannfagnaðir svo sem tónleikar og dansleikir verið felldir niður það árið og var því þungt í mörgum Vínarbúanum. Því voru dillandi valsar kærkomnir og má þess geta að valsinn *Künstlerleben* var frumfluttur aðeins nokkrum dögum eftir að *Dónárvalsinn* heyrðist í fyrsta sinn.

Óperettan *Wiener Blut* var frumflutt í Carltheater Wien í október 1899 rétt tæplega fimm mánuðum eftir andlát meistara Strauss. Um eiginlega óperettu er ekki að ræða heldur er þetta söngleikur sem byggður er á ýmsum verkum Strauss og bróður hans Josefs. Þegar hér var komið sögu var Strauss farinn að heilsu og kom í hlut Adolfs Müller leikhússtjóra yngri að setja óperettuna saman en hann stjórnaði á þessum tíma hinu virta leikhúsi Theater an der Wien. Til textagerðar réði hann tveykið Viktor Léon og Leo Stein en þeir félagar sinntu textagerð fyrir mörg sviðsverk á þessu tímaskiði.

Í *Wiener Blut* er fjallað um Vínarstúlkuna Gabriélú sem nýverið hafði gíft aðkomumanni, greifanum Zedlau. Fljótlega koma brestir í sambandið og Gabriéla yfirgefur eiginmanninn sem í einsemd sinni leitar til hinnar fögru Franskisku Cagliari. Þegar Gabriéla fréttir þetta snýr hún heim og fljótlega greiðist úr öllum flækjum. Í dúettinum **Das eine kann ich nicht verzeihen** eru hjónakornin að ræða málin og sammælast þau um að skella skuldinni á hið ólíka blóð sem rennur í æðum þeirra.

Johann Strauss fór um árabíl reglulega í tónleikaferðir til Rússlands. **Persischer March** eða *Persneskur mars* varð til í Rússlandsferð hans árið 1864 og tileinkaði Strauss persneska konunginum Nāser ad-Din Schāh verkið en í tríóhluta þess hljómar persnesk laglína.

„Pepi er hæfileikaríkari, ég er bara vinsælli“. Þetta sagði Johann Strauss einhvern tíma um bróður sinn Josef sem jafnan var kallaður Pepi. Josef Strauss (1827–1870) var vissulega afburðamaður á mörgum sviðum. Hann ætlaði aldrei að verða tónlistarmaður heldur nam tæknifræði við tækniháskólann í Vín – stjórnaði m.a. virkjunarframkvæmdum og fann upp vélræna götusópara. En ættarskyldan kallaði þegar bróðir hans Johann hafði ofgert sér á tónleikaferðalagi. Josef tók sér fiðlu í hönd og tók við stjórn Strausshljómsveitarinnar. Fyrsta valsasyrpan sem hann samdi hét „*þeir fyrstu og síðustu*“ og meinti það bókstaflega en samt urðu verk hans um 300 talsins. Mörg þeirra bera vott um mikla viðkvæmni og fegurðarskyn en líka kraft og gleði eins og glöggt má heyra í hraða polkanum **Jokey-Polka** sem var eitt hans síðasta verk.

Síðari hluti tónleikanna hefst á þremur verkum eftir Franz Lehár (1870–1948). Fyrst hljómar forleikurinn að óperettunni **Land des Lächelns** eða *Brosandi land* sem er ein af vinsælustu óperettum Lehárs. Upphaflega hét óperettan *Die gelbe Jacke* (*Gulí jakkinn*) og var sú gerð frumsýnd í Vínarborg árið 1923 en *Brosandi land* var frumsýnt í Berlín 1929. Sögu sviðið er Vín og Beijing árið 1912 og fjallar um vonlaust hjónaband Vínarstúlkunnar Lísu og kínverska prinsins Sou-Chong.



Þá stígur Sveinn Dúa á svið og syngur **Gern hab' ich die Frau'n geküsst** (*Fúslega hef ég konurnar kysst*) úr óperettunni *Paganini*. Lehár samdi óperettuna með austurríska tenórinn Richard Tauber í huga. Hann söng þó ekki í frumuppfærslunni í Vín í október 1925 vegna anna við óperuhúsið í Stokkhólmi. Óperettan fékk frekar daufar viðtökur Vínarbúa en vakti aftur á móti stormandi lukku í Berlín nokkru síðar og var sýnd samfleytt í þrjá mánuði með Tauber og Veru Schwarz í aðalhlutverkum.

Lehár samdi um ævina 40 sviðsverk, eina óperu, óperettur og söngleiki en einnig sönötur, sínfónísk ljóð, marsa og valsa. Óperettan *Der Graf von Luxemburg* (*Greifinn frá Luxemburg*) var frumsýnd í Theater an der Wien árið 1909 undir stjórn tónskáldsins. Sagan gerist í París um aldamótin 1900 og fjallar um hina frægu óperusöngkonu Angèle Didier og staurblanka greifann René sem láta tilleiðast að giftast blindandi til að taka þátt í ráðabruggi fursta nokkurs sem er ástfanginn af söngkonunni. Í ariunni **Unbekannt, deshalb nicht minder interessant** (*Mér framandi, en þó ekki óáhugavert*) syngur Angele um þetta skrítna hjónaband og að gaman væri að fá að sjá eiginmanninn. Það gerist síðan óvænt og þau fella hugi saman - í óþökk ástfangna furstans sem hafði reitt fram mikið fé fyrir plottið.

Danska tónskáldið Hans Christian Lumbye (1810–1874) hefur oft verið nefndur Strauss norðursins. Nítján ára gamall heyrði hann vals eftir Strauss leikinn í fyrsta sinn og samdi upprá því ógrynna verka í anda valsakónsins. Lumbye var um árabíl tónlistarstjóri í Tívoli Kaupmannahafnar og naut mikilla vinsælda heima fyrir. **Champagnegaloppen** eða *Kampavínsstökkið* er eitt af hans allra þekktustu verkum.

Nico Dostal (1895–1981) var Austurríkismaður og starfaði á ferlinum víðsvegar um landið. Hann samdi 24 óperettur og var einnig mikilvirkt kvikmyndatónskáld. Dúettinn **Du bist so schön und tugendreich** (Þú ert svo fögur og dyggðug) er úr óperettunni *Ungverska brúðkaupið* frá árinu 1939.

Valsakóngurinn Johann Strauss á síðustu tónana á þessum Vínartónleikum. Fyrst hljómar hraði polkinn **Auf der Jagd** eða *Veidipolkinn* áður en tónleikunum lýkur á hefðbundinn hátt með *Dónárvalsinum*.

Í hjörtum margra Austurríkismanna er valsasyrpan **An der schönen blauen Donau** óopinber þjóðsöngur þjóðarinnar. Strauss samdi verkið árið 1866 fyrir Karlakór Vínarborgar (Wiener Männergesangsverein) sem hann stjórnaði um árabíl. Ári síðar klæddi Strauss syrpana í þann búning sem við þekkjum í dag og var hún frumflutt á heimssýningunni í París 1867. Sama ár fór valsinn sigurför um víða veröld.

Sigurður Ingvi Snorrason

Á DÖFINNI

BEETHOVEN & SHOSTAKOVITSJ

FIMMTUDAGUR 15. JANÚAR KL. 19:30

Tvö stórvirki tónlistarsögunnar eru viðfangsefni hljómsveitarinnar á þessum tónleikum: Hinn sívinsæli fiðlukonsert Beethovens og hin magnþrungna sínfónía nr. 5 eftir Shostakovitsj sem lætur engan ósnortinn. Fiðluleikarinn Clara-Jumi Kang nýtur alþjóðlegrar viðurkenningar fyrir tónlistarhæfileika sína og tæknilega færni og hefur hún hlotið fjölda verðlauna og viðurkenninga. Hljómsveitarstjórinn, Bjarni Frimann Bjarnason, hefur stjórnað Sínfóníuhljómsveit Íslands margt við góðan orðstír.



BRAHMS & SAARIAHO

FIMMTUDAGUR 22. JANÚAR KL. 19:30

Það svifur finnskur andi yfir vötnum á þessum tónleikum. Hljómsveitarstjórinn Jan Söderblom starfar sem konsertmeistari í Fílharmoníusveitinni í Helsinki og einleikarinn Veneri Pohjola er óvenju fjölhæfur tónlistarmaður, jafnvígur á tilraunakenndan djass og samtímatónlist. Fá verk í finnsku tónlistarlífi hafa vakið jafn mikla athygli á undanförnum árum og hinn glæsilegi og tæknilega krefjandi trompetkonsert Hush sem var síðasta verkið sem tónskáldið Kaija Saariaho samdi fyrir andlát sitt árið 2023. Á síðari hluta tónleikanna leiðir Söderblom svo flutning á hinni glæsilegu 2. sínfóníu Brahms frá fyrsta púlti í fiðlusveitinni en ekki frá hljómsveitarstjórappallinum, eins og venjan er.



MACMILLAN Á MYRKUM

FIMMTUDAGUR 29. JANÚAR KL. 19:30

Tónlistarhátíðin Myrkir músíkdagar er ein elsta tónlistarhátíð landsins, stofnuð árið 1980 af Tónskáldafélagi Íslands og hefur Sínfóníuhljómsveit Íslands verið þátttakandi á hátíðinni frá upphafi. Á tónleikum Sínfóníuhljómsveitarinnar á Myrkum músíkdögum verða frumflutt tvö ný íslensk tónverk, eftir þær Báru Gísladóttur og Maríu Huld Markan Sigfúsdóttur. Á tónleikunum verður einnig fluttur hljómsveitarkonsert nr. 2 eftir Snorra Sigfús Birgisson en konsertinn hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin sem tónverk ársins 2024. Skoska tónskáldið Sir James MacMillan er hljómsveitarstjóri tónleikanna en óhætt er að fullyrða að hann sé eitt þekktasta tónskáld samtímans. Á þessum tónleikum hljómar básúnukonsert hans frá árinu 2017. Einleikari í þessum krefjandi en áhrifamikla einleikskonsert er leiðari básúnudeildar hljómsveitarinnar, Jón Arnar Einarsson.



LISTAHÁTIÐ

Eldborg | 14. júní



Angel Blue

Miðasala hafin á harpa.is

Í REYKJAVÍK

Á DÖFINNI

ENDURVINNSLAN

LAUGARDAGUR 14. FEBRÚAR KL. 14:00

Thomas og Jesper eru slagverkssnillingar sem mynda tvíeykið Trash. Þeir leiða gesti Litla tónsprotans, ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands, inn í kraftmikinn og spennandi hljóðheim þar sem klassískur flutningur rennur saman við óhefðbundin hljóðfæri og einstaka hljóðgjafa. Slagverksleikararnir nota m.a. ruslatunnur, hjól og rör á frumlegan og skapandi hátt þar sem hávaði er breytt í hljómandi fegurð. Tónleikagestum er boðið að stíga inn í spennandi og ófyrirsjáanlegt ævintýri sem heldur hlustandanum föngnum frá upphafi til enda. Tónleikarnir, sem eru sniðnir að ungum áheyrendum, eru um klukkustundarlangir og án hlés.



SARASTE STJÓRNAR BRUCKNER

FIMMTUDAGUR 19. FEBRÚAR KL. 19:30

Píanókonert nr. 3 í d-moll eftir Rakhmanínov er einn þekktasti píanókonert sögunnar og eftirlæti tónlistarunnenda um heim allan. Hann er talinn einn mest krefjandi konert sem píanóleikari getur tekist á við, jafnt tæknilega sem tilfinningalega. Svissnesk-ítalski píanóleikarinn Francesco Piemontesi er orðinn vel þekktur á tónleikasviðinu víða um heim og hefur unnið með mörgum helstu hljómsveitum og stjórnum samtímans. Einn þeirra er stjórnandi þessara tónleika, Jukka-Pekka Saraste, aðalstjórnandi hinnar virtu Filharmóníusveitar í Helsinki. Sjötta sínfónía Bruckners þykir einstök í höfundarverki Bruckners fyrir tilfinningaríka úrvinnslu stefja, fjölbreytta hljómræna framvindu og flókna hrynjandi.



CAROLINE SHAW – PORTRÉTT

FÖSTUDAGSRÖÐ Í ELDBORG 27. FEBRÚAR KL. 18:00

Tónlist bandaríska tónskáldsins Caroline Shaw hefur vakið mikla athygli, víða um lönd og langt út fyrir heim sígildrar tónlistar, fyrir hugmyndaauði og tilraunamennsku sem kallar á túlkun og virka aðkomu hlustenda. Á þessum tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands með Caroline Shaw í forgrunni kynnumst við fjórum mjög svo ólíkum verkum hennar. Á tónleikunum verður hefðbundið tónleikaform brotið upp og mun hljómsveitin vera í hringuppstillingu á sviði. Áhorfendur sitja umhverfis hljómsveitina á kórögnum, til hliðar við svið og í fremstu röðum í salnum. Með þessu móti gefst áhorfendum tækifæri til að upplifa hljóm og flutning hljómsveitarinnar á einstakan hátt. Tónleikarnir eru um klukkustundarlangir og án hlés.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

1. FIÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir
Una Sveinbjarnardóttir
Jennifer Owen
Zbigniew Dubik
Pálína Árnadóttir
Bryndís Pálsdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Lin Wei
Rannveig Marta Sarc
Pétur Björnsson
Joanna Bauer
Hildigunnur Halldórsdótti

2. FIÐLA

Alexandra Woroniecka
Justyna Bidler
Emma Garðarsdóttir
Ingrid Karlsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Sólrun Ylfa Ingimarsdóttir
Kristján Matthíasson
Sólveig Steinpórsdóttir

VIÓLA

Þórarinn Már Baldursson
Sarah Buckley
Fidel Atli Quintero Gasparsson
Kathryn Harrison
Herdís Anna Jónsdóttir
Guðrún Hrund Harðardóttir
Svava Bernharðsdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Margrét Árnadóttir
Guðný Jónasdóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Júlía Mogensen
Helga Björg Ágústsdóttir

BASSI

T.C. Fitzgerald
Jacek Karwan
Richard Korn
Hávarður Tryggvason

FLAUTA

Emilía Rós Sigfúsdóttir
Caterina Compagno

ÓBÓ

Julia Hantschel
Peter Tompkins

KLARÍNETT

Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Bryndís Þórsdóttir
Brjánn Ingason

HORN

Justin Mange
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Yi-Ling Shih
Jason Friedman

TROMPET

Zach Silberschlag
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Jón Arnar Einarsson
Sigurður Þorbergsson

BASSABÁSÚNA

William Raagart

TÚBA

Daniel Birkir Snorrason

HARPA

Katie Buckley

SELESTA

Eggert Pálsson

PÁKUR

Soraya Nayyar

SLAGVERK

Marco Santos
Frank Aarnink
Eggert Pálsson

LJÓSAHÖNNUN

Helgi G Thoroddsen

BLÓMASKREYTINGAR Á SVIÐI

Ragnhildur Fjeldsted

FÖRÐUN

Íris Sveinsdóttir

Búningar dansara fengnir að
láni frá Borgarleikhúsinu

AÐALHLJÓMSVEITARSTJÓRI OG LISTRÆNN STJÓRNANDI

Eva Ollikainen

FRAMKVÆMDA- OG SKRIFSTOFUTEYMI

Guðni Tómasson
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkelsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað
verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Tryggvi M. Baldvinsson
listrænn ráðgjafi
Jökull Torfason
verkefnastjóri dagskrágerðar

Margrét Ragnarsdóttir

markaðs- og kynningarstjóri
Kristín Björg Björnsdóttir
markaðsfulltrúi
Dagrún Hálfðánardóttir
mannauðsstjóri
Svanhvít Hrólfsdóttir
fjármálastjóri
Tracy Bass
nótnavörður
Althea Wetter
umsjónarmaður nótna
Sigbór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs-
og tæknimála
Björk Björgúlfssdóttir
sviðsmaður

STJÓRN SÍ

Sigurður Hannesson
formaður stjórnar
Jóhanna Yr Jóhannsdóttir
Margrét Pálmadóttir
Emil Friðfinnsson
Ragnar Jónasson

RADISSON BLU 1919 HÓTEL

**VELKOMIN Á RADISSON BLU 1919
HÓTEL Í HJARTA REYKJAVÍKUR ÞAR SEM
VIÐ BJÓÐUM GLÆSILEGA GISTINGU OG
FRÁBÆRA FUNDARÐSTÖÐU**

Njóttu þess að gista í miðbænum og upplifa allt það sem borgin hefur upp á að bjóða eða halda fund í einum af okkar frábæru fundarsölum. Bjóðum upp á úrval fundarpakka og gott aðgengi en stærsta bílastæðahús landsins er í næsta nágrenni. Bókanir á sales.1919.reykjavik@radissonblu.com

FEEL THE DIFFERENCE

radissonhotels.com/blu



*Kvika eignastýring veitir albliða
fjármálaþjónustu með áherslu á langtímaárangur*



KV!KA

Eignastýring